



Mótherjar okkar ÍR-inga í kvöld er lið FSu frá Selfossi og er leikurinn hluti af 19. umferð Iceland Express deildarinnar. Óhætt er að segja að spennan bæði í efri og neðri hluta deildarinnar sé griðarleg. Eins og staðan er nú erum við ÍR-ingar enn í baráttunni um sæti í úrslitakeppniinni, þrátt fyrir að fallhættan sé ekki að baki. Allir leiknir sem eftir eru í mótinu eru okkur því mjög mikilvægir, hvert stig telur griðarlega á síðustu metrunum. Stuðningur við liðið okkar er því einkar mikilvægur í næstu leikjum og eru stuðningsmenn hvattir til að mæta og láta vel í sér heyra.

Strákamir munu gefa allt sitt í þessa leiki og eru allir leikfærir, nema Sveinbjörn. Hreggviður og Sovic hafa báðir verið að glíma við tognun, en munu væntanlega ekki láta það aftra sér í að ná sínum bestu leikjum. Næstu leikir eru gegn Fjölni föstudaginn 12. mars (úti), Tindastól mánudaginn 15. mars (úti) og í lokaumferðinni fimmtudaginn 18. mars fáum við Grindavík í heimsókn.

Vegna tvíþóknar á íþróttasal Kennaraháskólans í kvöld, var ákveðið að flytja leikinn gegn FSu á okkar gamla góða heimavöll hér í Seljaskóla. Þrátt fyrir að parkett sé enn ekki komið á gólf, ætla strákamir að láta slag standa og spila leikinn hér og veitti KKÍ heimild til þess. Haldið verður áfram viðræðum við Borgaryfirvöld um að fá löglegt parkettgólf á húsið fyrir næsta leiktímabil, en enn er allt óljóst í þeim málum. Á þessari stundu er heldur ekki ljóst hvort síðasti heimaleikurinn í deildarkeppninni og heimaleikur úrslitakeppinnar fari fram í Kennaraháskólanum eða Seljaskóla og eru áhangerur ÍR hvattir til að fylgjast með þegar nær dregur.

ÁFRAM ÍR!



LEIKSKRÁ

KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

05. 03. 2010



Þrátt fyrir góðan leik og mikla baráttu tókst ÍR-ingum ekki að knýja fram sigur gegn sterki liði Snæfells sl. sunnudag, en leikið var í Stykkishólm. Nýr erlendir leikmaður, Robert Jarvis, stóð sig vel í sínum fyrsta leik fyrir ÍR, bæði varnar- og sóknarlega. Hér sést hann, í kröppum dansi með liði sínu Golden Eagles, Oral Roberts háskólanum í Tulsa, Oklahoma í Bandaríkjunum. Við bjóðum hann velkominn í hópinn.



Iceland Express  2009-2010
deildin



LEIKMENN

Nafn	Staða	Fæddur	Hæð
4 Steinar Arason	F	1979	192
5 Ásgeir Hlöðversson	M	1977	198
6 Nemanja Sovic	F	1977	198
7 Ólafur Þórisson	B	1983	188
8 Elvar Guðmundsson	B		192
9 Hreggviður S. Magnússon	F/M	1982	200
10 Kristinn Jónasson	M	1984	205
11 Davíð Þór Fritzson	B	1987	180
12 Robert Jarvis	B	1987	180
13 Tómas Viggósson	F	1992	190
14 Eiríkur Önundarson	B	1974	185
15 Björgvin Jónsson	F	1978	198
Benedikt Skúlason	F	1987	190
Sveinbjörn Claessen	B	1986	194
Vilhjálmur Theodór Jónsson	M	1990	198

Þjálfari: Gunnar Sverrisson



LEIKMENN

Nafn	Staða	Aldur	Hæð
4 Sæmundur Valdimarsson		1993	187
5 Gísli Gautason		1993	184
6 Svavar Stefánsson			
7 Birkir Viðisson		1995	
8 Richard Williams		1987	185
9 Kjartan Kárason		1967	
10 Daníel Kolbeinsson		1993	174
11 Orri Jónsson		1992	180
13 Christopher Caird		1989	198
14 Jake Wyatt			
15 Aleksas Zimnickas		1983	203

Þjálfari: Rob Newson

